


TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - breytt landnotkun



TGJ
hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

 Skipulagsstofnun

Mótt.: 18. sep. 2019
Málnr.

2018/1/1950





**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - breytt landnotkun**




**10. maí 2019
uppfærð 5. júní 2019
uppfærð 9. júlí 2019
uppfærð 2. september 2019**

STAÐFESTINGARSÍÐA

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps þann 12. september 2019.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3. október 2019 2019.

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	4
2. Breyting á aðalskipulagi; markmið, kynning og samráð	8
2.1 Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar.....	8
2.2 Kynning og samráð.....	8
3. Skipulagsleg staða og skuldbindingar sveitarfélags.....	9
3.1 Landsskipulag.....	9
3.2 Aðalskipulag.....	9
3.3 Cittaslow	9
4. Grunnástand.....	10
4.1 Staðhættir.....	10
4.2 Fuglar, dýralíf og vatnalíf	10
4.3 Menningarminjar.....	10
5. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020	11
5.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði	11
5.2 Landbúnaðarsvæði.....	13
5.3 Uppfærsla á uppdrætti.....	13
6. Umhverfismat.....	13
6.1 Samantekt.....	13
6.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	13
6.3 Umhverfisþættir og áhrif	14
6.4 Viðmið umhverfisáhrifa	14
6.5 Aðferð og framsetning	14
6.6 Mat á umhverfisáhrifum.....	15
6.7 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum	16
7. Viðauki A.....	16

1. INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur vöxtur ferðaþjónustu á landsvísu verið mjög mikill. Milli ára 2015 og 2017 varð ríflega 70% aukning á fjölda erlendra ferðamanna sem komu til Íslands¹. Á árinu 2018 varð enn frekari fjölgun frá fyrra ári, þó vissulega hafi hægt verulega á fjölgun milli ára². Austurland hefur ekki farið varhluta af þessari fjölgun en hlutfall gistinátta á svæðinu sumarið 2017 var um 7,3% af heild á landsvísu³ ⁴. Samfara þessu hefur ferðamönnum í Djúpavogshreppi fjölgað. Hefur það aukið álag á náttúru og innviði áfangastaða innan sveitarfélagsins.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 kemur fram í meginmarkmiðum sveitarstjórnar að lögð verði „áhersla verndun svæða, sem hafa mikilvæg náttúrufarsleg og/eða jarðfræðileg gildi“. Ennfremur segir að stefnt sé „að því að efla og þróa atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í Djúpavogshreppi“⁵.



Mynd 1. Horft inn Fossárdal, fossaröð í neðsta hluta Fossár fyrir miðri mynd og heimreið að bæjum í dalnum til hægri (mynd: Jón Magnús Eyþórsson).

Fossárvík er innarlega við vestanverðan Berufjörð, þar sem Fossárdalur opnast til vesturs. Ofan úr Fossárdal fellur Fossá. Í dalsmynninu fellur áin um gljúfur þar sem vatn fer um fossa og hyl. Neðst er Nykurhylsfoss og Nykurhylur. Neðan Nykurhyls flæðir áin um flatlendi og eyrar uns hún fellur til sjávar. Jarðinar Eyjófsstaðir/-Eiríksstaðir og Lindarbrekka eiga land að neðsta hluta Fossár.

Á undanförunum árum hefur orðið til sjálfsprottinn viðkomustaður ferðamanna í Fossárvík, nánar tiltekið við Nykurhylsfoss, Nykurhyl og upp með neðsta hluta Fossár. Staðurinn er einn sá vinsælasti í dreifbýli Djúpavogshrepps og hefur honum vaxið hratt ásmegin. Engar kerfisbundnar talningar hafa verið gerðar á svæðinu en óformlegar talningar heimamanna á vettvangi árið

¹ Sjá vef Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heild-darfjoldi-erlendra-ferdamanna>

² <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/23-milljonir-fartheaga-2018>.
<https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/efnahagsmal/frett/2018/08/10/Hagsja-Bandarikjamenn-halda-uppi-fjolgun-ferdamanna/>

³ Hlutfall gistinátta á Austurlandi árin 2015 og 2014 var skv. opinberum tölum um 13%. Árið 2016 var gerð sú breyting frá fyrri birtingum að gistináttatölur fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð flokkast með Suðurlandi í stað Austurlands.

⁴ Oddný Th. Óladóttir (2018). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum. Sjá vef Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Fretta myndir/2018/oktober/ferdatjonusta-a-islandi-i-tolum-2018-6.pdf>

⁵ Sjá kafla 1.2.3 í greinargerð skipulagsins.

2016 sýndu, varlega áætlað, að 400-500 gestir heimsóttu svæðið á degi hverjum. Nokkuð víst má telja að sá fjöldi hafi aukist frá þeim tíma.

Greitt aðgengi er að viðkomustaðnum frá Hringvegi, annars vegar um vegslóða upp með bökkum Fossár að austanverðu og hins vegar um heimreið að bæjum í Fossárdal sem liggur vestan ár (Eyjólfsstaðaveg nr. 9669).



Kort 1. Yfirlitskort af neðsta hluta Fossár.

Svæðið í heild sinni, þ.e. við Nykurhyl, Nykurhylsfoss og við gjúlfur beggja vegna ár, er hins vegar mjög vanbúið að taka á móti þeim fjölda gesta sem þangað sækir. Megin áningarstaður svæðisins er við enda slóðans upp með ánni að austanverðu, norðaustan við Nykurhyl, í um 300 m fjarlægð frá núverandi Hringvegi ef miðað er við stystu loftlínu. Áningarstaðurinn sem var byggður upp af Vegagerðinni fyrir nokkrum árum, annar ekki þeirri umferð sem þangað sækir. Þar hefur stofnunin á undanförunum árum sett upp bráðabirgðasalerni yfir sumartímann. Frá áningarstaðnum dreifist fólk vítt og breitt um svæðið kringum Nykurhyl en engir innviðir eru á svæðinu til að stjórna umferð fólks um það.



Mynd 1. Horft til austurs yfir neðsta hluta Fossár og áningarstað. Vegslóði meðfram ánni teygir sig frá vinstri til hægri og hægra megin við miðja mynd má sjá núverandi áningarstað (mynd: Páll Jakob Línadal).

Annar áningarstaður er vestan ár, uppi á Sveinsstekk fast við heimreiðina. Þaðan er aðgengi að Nykurhylsfossi og hægt að ganga upp með ánni. Á Sveinsstekk eru nær engir innviðir til móttöku þess fjölda sem þangað sækir. Er bílum er gjarnan lagt utan vegar og í köntum heimreiðarinnar.

Þar sem innviði skortir nær algjörlega hefur land látið mikið á sjá víða. Á útsýnisstöðum við ána og á gljúfurbökkum eru gróðurskemmdir allnokkrar vegna átroðnings, auk þess sem svæðið er víða hættulegt og aðstæður ótryggar.



Mynd 2. Horft til austurs yfir bílastæði uppi á Sveinsstekk. Áningarstaður við Nykurhyl fjær, rétt hægra megin við miðja mynd (mynd: Andrés Skúlason).

Hafa landeigendur fundið sig knúna til að ráðast í bráðabirgðaaðgerðir til að stýra umferð á gljúfurbökkum við Nykurhylsfoss og takmarka aðgengi að útsýnissvæðum meðan unnið er að uppbyggingu innviða í því skyni að koma í veg fyrir óafturkræfar skemmdir á náttúru svæðisins og auka öryggi ferðamanna. Var því m.a. reistur bráðabirgðapallur á helsta útsýnisstað við Nykurhylsfoss sumarið 2018. Reynslan hefur þó sýnt að útsýni af pallinum

uppfyllir ekki þarfir ferðamanna og leita þeir talsvert út fyrir hann. Róttækari aðgerða er því þörf hvað þetta atriði varðar.



Mynd 3. Útsýnispallur til bráðabirgða nærri áningarstað á Nykurhylsfossi vorið 2019 (mynd: Páll Jakob Líndal).

Afar brýnt er því að mótuð verði heildstæð áætlun á forsendum verndunar og sjálfbærrar þróunar um uppbyggingu innviða í þágu ferðaþjónustu á svæðinu, svo hámarka megí samtímis jákvæða upplifun ferðamanna og ábyrga framvindu innan svæðisins.



Mynd 4. Horft til austurs niður glúfur Fossár. Ferðamenn úti á ystu brún og gróðurskemmdir áberandi (mynd: Andrés Skúlason).

2. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI; MARKMIÐ, KYNNING OG SAMRÁÐ

Áætlanir framkvæmdaraðila um uppbyggingu innviða í þágu ferðaþjónustu í Fossárvík samræmast ekki stefnu í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var af umhverfiráðherra 24. febrúar 2010 og kalla á breytingu á aðalskipulagi. Sú breyting sem hér er lögð fram fjallar um að; 1) afþreyingar- og ferðamannasvæði verði skilgreint beggja megin árinna þar sem fyrirhugað er að byggja upp bílastæði og/eða reisa mannvirki í þágu ferðaþjónustu; og 2) setja fram skilmála um uppbyggingu gönguleiðakerfis á landbúnaðarsvæði við neðsta hluta Fossár.

2.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að bregðast við auknum ferðamannastraumi, vernda viðkvæma náttúru og menningarminjar og styrkja innviði ferðaþjónustunnar á svæðinu og þar með byggð í sveitarfélaginu.

2.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Á fundi 18. október 2018 samþykkti sveitarstjórn að lýsing að breyttri landnotkun í Fossárvík yrði útbúin og kynnt. Dreifibréf var sent út til íbúa á nærliggjandi jörðum og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu, auk þess sem tilkynning var hengd upp á áberandi stöðum innan sveitarfélagsins. Veittur var frestur til ábendinga til og með 28. nóvember 2018 að skila ábendingum við lýsinguna. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn að lýsing yrði send til umsagnar til stofnana og ráðuneytis:

- Skipulagsstofnunar. Umsögn barst – dags. 22. nóvember 2018.
- Fiskistofu. Umsögn barst – dags. 21. mars 2019.
- Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Umsögn barst – dags. 14. desember 2018.
- Minjastofnunar. Umsögn barst – dags. 19. desember 2018.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Umsögn barst – dags. 15. nóvember 2018.
- Umhverfisstofnunar. Umsögn barst – dags. 13. desember 2018.
- Vegagerðarinnar. Umsögn barst – dags. 8. janúar 2019.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að breytingu á aðalskipulagi á fundi 16. maí 2019 og í framhaldinu var tillagan sett í kynningu. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á heimasíðu Djúpavogshrepps, dreifibréf var sent út til íbúa á nærliggjandi jörðum og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu auk þess sem tilkynning var hengd upp á áberandi stöðum innan sveitarfélagsins. Veittur var frestur til og með 4. júní 2019 að skila ábendingum við tillöguna. Skipulagsgögn lágu frammi á skrifstofu sveitarfélagsins auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins (www.djupivogur.is). Engar ábendingar bárust. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til umsagnar til eftirfarandi stofnana:

- Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Umsögn barst – dags. 11. júní 2019.
- Minjastofnunar. Umsögn barst – dags. 24. júní 2019.
- Atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytisins. Umsögn barst – dags. 11. júní 2019.
- Umhverfisstofnunar. Umsögn barst – dags. 3. júní 2019.
- Fiskistofu. Umsögn barst ekki.
- Vegagerðarinnar. Umsögn barst – dags. 27. maí 2019.

Á fundi 13. júní 2019 samþykkti sveitarstjórn að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar. Skipulagsstofnun veitti heimild þann 1. júlí 2019.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var auglýst í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu 12. júlí 2019 og lágu gögnin frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu Djúpavogshrepps sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins (www.djupivogur.is). Frestur til athugasemda var veittur til og með 23. ágúst 2019. Engar athugasemdir bárust. Tillaga að breytingu var endanlega samþykkt á fundi sveitarstjórnar 12. september 2019.

3. SKIPULAGSLEG STAÐA OG SKULDBINDINGAR SVEITARFÉLAGS

3.1 LANDSSKIPULAG

Í Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 er gert ráð fyrir að skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli, jafnframt því sem gætt verði að varðveislu þeirra gæða sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Leitast þarf við að skipulagsgerð sveitarfélaga greini sérstöðu, styrkleika og staðaranda á viðkomandi svæði hvað varðar tækifæri í ferðaþjónustu. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu þurfa að taka mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miða að því að uppbygging ferðaþjónustu nýtist jafnt íbúum á svæðinu sem og ferðamönnum.

3.2 AÐALSKIPULAG

Gildandi Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var staðfest af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010. Samkvæmt skipulaginu er landbúnaður eina landnotkun á umræddu svæði við Fossárvík. Líkt og fram kemur í inngangi, segir í meginmarkmiðum sveitarstjórnar að lögð verði „*áhersla á verndun svæða, sem hafa mikilvæg náttúrufarsleg og/eða jarðfræðileg gildi*“. Ennfremur segir að stefnt sé „*að því að efla og þróa atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í Djúpavogshreppi*“⁶.

3.3 CITTASLOW

Djúpavogshreppur er aðili að Cittaslow-hreyfingunni. Meginstefna hreyfingarinnar er að tryggja velsæld, mannvænt umhverfi og sjálfbæra þróun, þar sem lögð er áhersla á fjölbreytni, vitund, sérstöðu og vernd. Þó stefnan sé ekki lögformleg stefna, þá er hún engu að síður afar mikilvæg í allri stefnumótun innan sveitarfélagsins.

⁶ Sjá kafla 1.2.3 í greinargerð skipulagsins.

4. GRUNNÁSTAND

4.1 STAÐHÆTTIR

Á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði fellur Fossá í straumköstum um þverhnipt gljúfur uns vatn fellur í Nykurhyl. Frá hylnum rennur áin fremur lygn til sjávar. Svæðið beggja vegna gljúfursins er fjölbreytt með tilliti til gróðurs, eða allt frá þéttum trjágróðri yfir í lítt eða ógrónar grjótskriður. Frá flötunum við Nykurhyl rís land hratt til norðurs upp á Sveinsstekk, og þaðan áfram með allafgerandi hætti inn eftir Fossárdal. Heimreið að bæjum er því nokkuð brött og getur því reynst torveld akandi og gangandi umferð.



Mynd 5: Nykurhylur til vinstri og Nykurhylsfoss til hægri (mynd: Páll Jakob Líndal).

4.2 FUGLAR, DÝRALÍF OG VATNALÍF

Í Berufirði er fuglalíf talsvert og tegundafjölbreytni nokkur en minni í Fossárdal⁷. Svæðið er hluti af hreindýraveiðisvæði⁸ og hafa hreindýr sótt niður í Fossárdal um áratugaskeið⁹. Bleikja gengur í Fossá en fiskigengd er aðeins í hluta árinna. Oft getur orðið mikið af fiski í Nykurhyl¹⁰.

4.3 MENNINGARMINJAR

Fornleifar hafa verið skráðar á svæðinu. Í svæðisskráningu menningarminja í Djúpavogshreppi er fjallað um Fossárdal í heild sinni og þar getið um 74 minjar. Einnig er getið um 17 minjar í landi Eiríksstaða¹¹. Árið 2018 var gerð aðalskráning¹² á 88 ha svæði innan jarðanna tveggja, frá Hringvegi upp með farvegi Fossár, allt upp fyrir bæjarstæði. Ennfremur var gerð deiliskráning á 25 ha svæði innan aðalskráningarsvæðisins vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðstöðu og aðgengi fyrir ferðamenn við neðsta hluta Fossár. Í heildina voru 58 fornleifar skráðar, þar af 12 innan deiliskráningarsvæðisins.

⁷ Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2007). Fuglalíf í Djúpavogshreppi. *Bliki*, 28, 1-18.


⁸ Sjá <http://www.ust.is/library/Myndir/Einstaklingar/Hreindyr/Veidsvaedi2014.jpg>

⁹ Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Gróðurfar, fuglar, hreindýr og verndargildi á vegarstæðum yfir Öxi, í Skriðdal og um botn Berufjarðar. Neskaupsstaður: Náttúrustofa Austurlands, mars 2009.

¹⁰ <http://www.angling.is/is/veidivotn/silungsvaidiar/a-austurlandi/11922/>

¹¹ Sædis Gunnarsdóttir (2004). Menningarminjar í Djúpavogshreppi - svæðisskráning. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

¹² Gylfi Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir (2018). Fossárvík í Berufirði – aðalskráning fornleifa á Eyjólfsstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS717-18141).



Kort 2. Minjakort fornleifaskráningar árið 2018

5. TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 – 2020

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi fellur vel að markmiðum Landskipulagsstefnu, stefnu í gildandi aðalskipulagi og markmiðum Cittaslow.

5.1 AFBREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir að afþreyingar- og ferðamannasvæði komi í stað landbúnaðarsvæðis frá núverandi áningarstað nærri Nykurhyl, upp að áningarstað uppi á Sveinsstekk og yfir útsýnisstaði við Nykurhyl og Nykurhylsfoss, eða á um þremur ha lands. Táknir afþreyingar- og ferðamannasvæðis er því bætt inn á aðalskipulagsuppdrátt, auk þess sem upplýsingar í töflu 30 í greinargerð aðalskipulags hafa verið uppfærðar til samræmis við þá breytingu sem hér er til umfjöllunar (sjá kafla 7 Viðauka A).

Skilmálar um uppbyggingu innan afþreyingar- og ferðamannasvæðis í Fossárvík:

- **Áningarstaður á Sveinsstekk:**
 - Bílastæði: Heimilt er að byggja upp bílastæði fyrir allt að 15 bíla og stæði fyrir eina rútu. Við gerð deiliskipulags skal sérstaklega horft til þess að gönguleiðir innan bíla- og rúrustæða séu aðskildar frá akandi umferð eins og kostur er. Lögð skal rík áhersla á að allar framkvæmdir við bílastæði falli vel að landi og að umhverfiskrasi sé haldið í lágmarki. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.
 - Útsýnispallur/göngustígur: Í tengslum við bílastæði er heimilt að byggja upp allt að 60 m² pall með útsýni yfir Nykurhylsfoss, sem er eitt helsta aðráttarfl svæðisins.

Byggja skal pallinn upp á þeim stað þar sem bráðabirgðapallur hefur verið reistur nú eða fjarlægja núverandi bráðabirgðapall verði önnur staðsetning fyrir valinu. Til að tryggja fjölbreyttari sjónarhorn á fossinn og mæta betur þörfum gesta, svo draga megi úr freistingum þeirra til að sækja út fyrir uppbyggða útsýnisstaði og göngustíga, er heimilt að byggja minni palla (allt að 25 m²) á svæðinu. Til að tryggja betri umferðarstjórnun, auka öryggi og vernda viðkvæma náttúru skulu uppbyggðir göngustígar tengja palla og bílastæði. Mjög rík áhersla skal lögð á að hönnun, frágangur, efnisval og staðsetning útsýnispalla og göngustíga falli vel að landi. Við framkvæmdir skal vanda mjög til verka og halda umhverfisraski í lágmarki. Vakin er athygli á 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun fossa og umhverfis þeirra. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps og eftir atvikum Umhverfisstofnunar.

– **Áningarstaður við Nykurhyl:**

- **Bílastæði:** Heimilt er að byggja upp bílastæði fyrir allt að 30 bíla, stæði fyrir 3 rútur auk stæða fyrir hjól. Við gerð deiliskipulags skal sérstaklega horft til þess að gönguleiðir innan bíla- og rútustæða séu aðskildar frá akandi umferð eins og kostur er. Lögð skal rík áhersla á að allar framkvæmdir við bílastæði falli vel að landi og að umhverfisraski sé haldið í lágmarki. Lögð skal áhersla á að nýta núverandi bílastæði og að frekari uppbygging verði útfærð í átt frá Fossá. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.
- **Þjónustuhús:** Heimilt er að reisa allt að 90 m² þjónustuhús þar sem nú er áningarstaður við Nykurhyl. Byggingin skal falla vel að landi, vanda skal efnisval og litaval skal taka mið af staðháttum og nánasta umhverfi. Byggingin skal standa á sérlóð. Óheimilt er að byggja þjónustuhúsið nær fallvötnum en 50 m (sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013). Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.
- **Útsýnispallur/göngustígar:** Í tengslum við bílastæði er heimilt að byggja upp allt að 35 m² pall með útsýni yfir Nykurhyl. Til að tryggja fjölbreyttari sjónarhorn á náttúruyfyrirbæri og mæta betur þörfum gesta, svo draga megi úr freistingum þeirra til að sækja út fyrir uppbyggða útsýnisstaði og göngustíga, er heimilt að byggja minni palla (allt að 25 m²) á svæðinu. Til að tryggja betri umferðarstjórnun, auka öryggi og vernda viðkvæma náttúru skulu uppbyggðir göngustígar tengja pall og bílastæði. Mjög rík áhersla skal lögð á að hönnun, frágangur, efnisval og staðsetning útsýnispalls og göngustíga falli vel að landi. Við framkvæmdir skal vanda mjög til verka og halda umhverfisraski í lágmarki. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.

Eins og fram kemur í fornleifaskráningu (sjá kafla 4.3) er fornleifar að finna á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði og mikilvægt að vel sé gætt að þeim við frekari útfærslu einstakra atriða. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.

5.2 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

- **Gönguleiðakerfi og brú yfir Miðásgljúfur:** Heimilt er að byggja upp gönguleiðakerfi í nágrenni Fossár beggja vegna árinna. Með því er stigið skref til markvisrar umferðarstýringar gesta um svæðið, jákvæðari upplifunar gesta samfara því að vernda viðkvæma náttúru og auka öryggi þeirra sem fara um svæðið. Mikilvægt er að uppbygging gönguleiðakerfis mæti þörfum og væntingum fólks þannig að sem flestir haldi sig innan afmarkaðra gönguleiða. Í tengslum við gönguleiðir er heimilt að byggja upp litla og látlausa áningarstaði. Nánari úrfærsla, umfang og staðsetning stíga og áningarstaða fer fram í deiliskipulagi. Lögð skal rík áhersla á að allar framkvæmdir innan landbúnaðarsvæða falli vel að landi, hönnun, efnisval og frágangur sé af góðum gæðum og umhverfisraski sé haldið í lágmarki.

Eins og fram kemur í fornleifaskráningu (sjá kafla 4.3) er fornleifar að finna víða á svæðinu og mikilvægt að vel sé gætt að þeim við frekari útfærslu einstakra atriða. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Djúpavogshrepps.

5.3 UPPFÆRSLA Á UPPDRÆTTI

Raflína (Byggðalína) um svæðið hefur verið staðsett með nákvæmari hætti en áður. Einnig hefur litur á Fossá verið leiðréttur.

6. UMHVERFISMAT

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“ Fjallar umhverfismat vegna breytingarinnar um að greina frá áhrifum hennar í samanburði við þá stefnu sem mörkuð er í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatöku um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

6.1 SAMANTEKT

Við mat á umhverfisáhrifum var uppbygging innviða í þágu ferðapjónustu í Fossárvík skoðuð og borin saman við núllkost. Niðurstöður mats sýna að uppbyggingin getur haft neikvæð sjónræn áhrif og staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar. Á móti vegur verndun náttúru og menningarminja, þau atvinnutækifæri sem kunna að skapast sem og ávinningur ferðamennsku í dreifbýli í fremur fámennu sveitarfélagi. Það er mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að sá ávinningur sem hlýst af uppbyggingu innviða í þágu ferðapjónustu í Fossárvík sé umtalsvert meiri en þau neikvæðu umhverfisáhrif sem af uppbyggingunni hljóttast.

6.2 YFIRLIT YFIR UMFANG OG EFNI UMHVERFISMATSINS

Samkvæmt 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur eftirfarandi uppbygging í flokk C og kann því hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér:

- Töluliður 1.02 - Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli á landsvæði allt að 20 ha.

Í umhverfismatinu verður gerð því grein fyrir áhrifum breyttrar landnotkunar í Fossárvík sem og áhrifum núllkosta.

6.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHRIF

Eftirtaldir umhverfisþættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020: Landslag, jarðminjar og sjónræn áhrif, gróðurfar, fuglar, vatnalíf og veiði, menningarmínjar, samfélag og atvinnulíf og ferðamenska.

6.4 VIÐMIÐ UMHVERFISÁHRIFA

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggðu á eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðum í íslenskum lögum, s.s. skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um menningarmínjar nr. 80/2012.
- Viðmiðum í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda, s.s. Velferðar til framtíðar - stefnumörkunar til 2020 hvað varðar sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 og draga að Velferðarstefnu - heilbrigðisáætlunar til ársins 2020.
- Viðmiðum í alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda, s.s. í samningi um líffræðilega fjölbreytni, samningi um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims og samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.
- Stefnu og viðmiðunum sem koma fram í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti á framkvæmdasvæði.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem liggja fyrir.

Við mat á umhverfisáhrifum var unnið eftir lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ennfremur var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

6.5 AÐFERÐ OG FRAMSETNING

Umhverfismat þetta var unnið á þann hátt að gerðar voru venslatöflur, þar sem fram koma umhverfisþættir, möguleg áhrif á þá eru skilgreind og þeim gefin einkunn sbr. eftirfarandi:

- + Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
- 0 Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
- Aðalskipulagsbreytingin hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
- ? Aðalskipulagsbreytingin hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

Til að veða á móti þeim neikvæðu áhrifum, sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfisþætti, getur komið til mótvægisáðgerða þar sem því verður við komið. Lagðar eru fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafa verið metin. Í umhverfismati þessu er uppbygging ferðaþjónustu við bæjarstæði borin saman við núllkost sem er óbreytt stefna miðað við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var 24. febrúar 2010.

6.6 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Tafla 2 sýnir áhrif ferðaþjónustusvæðis og tafla 3 sýnir núllkost.

Tafla 2. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna uppbyggingar innviða í þágu ferðaþjónustu í Fossárvík.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, sjónræn áhrif	Uppbyggingin getur haft neikvæð sjónræn áhrif á landslag við Nykurhýlsfoss. Deiliskipulag mun taka mið af því að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja eins og kostur er.	-/0
Gróðurfar	Uppbyggingin mun ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á gróður nema á þeim stöðum þar sem miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Á móti kemur að skipulagssvæðið er nú undir miklu álagi vegna ágangs ferðamanna og gróðurskemmdir nú þegar orðnar áberandi. Gengið verður vel frá landi að framkvæmdum loknum.	-/+
Fuglar	Uppbyggingin mun ekki hafa teljandi áhrif á fugla.	0
Vatnalíf og veiði	Uppbyggingin mun ekki hafa áhrif á vatnalíf en kann að hafa áhrif á veiði á þeim stöðum þar sem fólk mun safnast saman. Á móti mun betri umferðarstýring um svæðið bæta stöðu veiða við ána.	+
Meningarminjar	Uppbyggingin kann að hafa neikvæð áhrif á fornleifar. Deiliskipulag mun taka mið af staðsetningu fornleifa og engum þekktum fornleifum verður raskað. Náið verður unnið með Minjastofnun til að tryggja farsæla framvindu.	0
Samfélag og atvinnulíf	Uppbyggingin hefur jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún skapar möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Framkvæmdin getur haft jákvæð áhrif á atvinnu verktaka á svæðinu meðan á framkvæmdum stendur.	+
Ferðamennska	Uppbyggingin mun skapa aukna möguleika fyrir ferðafólk að dvelja í sveitarfélaginu og þannig hafa verulega jákvæð áhrif á ferðamennsku.	+

Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna núllkosts.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, sjónræn áhrif	Núllkostur hefur engin áhrif á landslag né sjónræn áhrif.	0
Gróðurfar	Núllkostur hefur mjög neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fuglar	Núllkostur hefur engin áhrif á fugla.	0
Vatnalíf og veiði	Núllkostur getur haft neikvæð áhrif á vatnalíf og veiði þar sem engin umferðarstýring verður fyrir hendi.	-/0
Menningarminjar	Núllkostur getur haft neikvæð áhrif á menningarminjar þar sem engin umferðarstýring verður fyrir hendi.	-/0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur hefði fremur neikvæð áhrif á samfélag, þar sem svæðið er hættulegt og alvarleg slys geta átt sér stað. Reynslan sýnir að núverandi staða leiðir til slakrar umgengni sem fælt getur ferðamenn frá og haft neikvæð áhrif á sveitarfélagið í heild sinni.	-
Ferðamennska og útivist	Núllkostur hefur neikvæð áhrif á ferðamennsku, þar sem ferðafólk hefur lakari tækifæri að njóta þeirrar náttúru sem svæðið hefur upp á að bjóða.	-

6.7 NIÐURSTAÐA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

Niðurstöður mats sýna að uppbygging innviða í þágu ferðapjónustu við Fossárvík getur haft neikvæð sjónræn áhrif og staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.

Á móti kemur ávinningur af uppbyggingu innviða á svæðinu til að tryggja verndun náttúru og menningarminja, og sjálfbæra þróun. Með uppbyggingunni skapast atvinnutækifæri auk þess sem hún eflir ferðamennsku innan sveitar þar sem fleiri ferðamenn fá tækifæri til að lengja dvöl sína innan sveitarfélagsins.

7. VIÐAUKI A

Í viðauka A er uppfærð útgáfa af töflu 30 sem finna má í greinargerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Í töflunni hafa upplýsingar í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem hér er til umfjöllunar, verið færðar inn.

Jörð	Landúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Fristundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Náttúruvernd / NMI '96	Náttúruvernd / friðun	Þjóðminjavand / friðun	III-aga svættarstu. að friðun	III-aga svættarstu. að friðun	Þjóðminja	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði																		
Berufjörður I & II	X					X														X	Öxi ¹³		
Berunes I & II	X				X	X			X														
Blábjörg	X											X						X					
Bragðavellir	X	X			X ¹⁴				X								X			X			
Djúpavogshreppur																							
- Búlándsnes ¹⁵	X	X			X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X		X		X	X
- Háls	X			X									X	X	X			X	X				
- Kambshjáleiga	X											X	X					X					
- Merki	X							X	X			X						X					
- Stekkamýri			X		X	X																	
- Markúsarsel	X											X					X	X					
- Tunguhlíð	X											X					X	X					
Eiríkksstaðir ¹⁶	X																			X			
Eyjólfstaðir ¹⁷	X	X		X	X				X														
Fagríhvamur	X	X										X	X					X					
Flugustaðir	X											X	X	X	X	X	X	X		X			

¹³ Breytingar á stofnvegakerfi um Öxi og botn Berufjarðar.

¹⁴ Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020

¹⁵ Landnotkun afmarkast hér frá Reiðsundi í Eyfreyjunesvík við Berufjörð með landamerkjalinu að Kolþúfutanganga við Hamarsfjörð.

¹⁶ Afþreyingar- og ferðamannasvæði er skilgreint á jörðinni í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

¹⁷ Afþreyingar- og ferðamannasvæði er skilgreint á jörðinni í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Jörð	Lóð	Lóð	Svæði	Landbúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Frístundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Náttúruvernd / NM '96	Náttúruvernd / náttúruminja	IIIÍIaga sveitarstj. að friðun þjóðminja	Þjóðminjavernd / friðun	IIIÍIaga sveitarstj. að friðun þjóðminja	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
Fossgerði	X			X																	X				
Gautavík	X	X		X				X				X						X			X				
Geithellar I & II	X	X		X												X	X			X		X			
Hamar	X			X								X				X						X			
Hamarssel	X			X												X	X					X			
Hlauphólar	X	X		X				X					X												
Hnaukar	X			X										X						X		X			
Hof	X			X					X													X			
Hvannabrekka	X			X																		X			
Hærukolsnes	X			X																					
Karisstaðir	X			X				X ¹⁸																	
Kelduskiógar	X			X																		X			
Kross	X			X																					
Krossgerði	X			X																					
Lindarbrekka	X			X				X																	
Meirakknes	X			X																		X			

¹⁸ Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpvogshrepps 2008 - 2020.

¹⁹ Fyrirhugaður vegur yfir Hamarsfjörð.

Jörð	Landúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Fristundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Náttúruvernd / NM '96	Lillaga sveitarstj. að friðun náttúruminja	Þjóðminjavernnd / friðun	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði															
Melshorn	X																			
Múli I, II og III	X	X	X	X	X ²⁰							X			X					
Núpur	X																			
Papey	X				X	X						X		X						
Rannveigarstaðir	X											X								
Runná	X																			
Skáli	X	X																		
Starmýri I, II & III	X	X	X									X	X	X	X		X	Lóns- heiðar- göng ²¹		X
Stekkahjáleiga	X			X	X							X			X					
Stórhóll	X																			
Strýta	X											X	X		X					
Teigarhom ²²	X					X		X			X	X		X	X	X				
Urðarteigur	X																			
Virkishólasel	X											X		X	X					
Þiljuvellir	X	X			X															
Þvottá	X											X		X	X					

²⁰ Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Íbúðarbyggð felld út á móti.

²¹ Lónsheiðargöng og stofnvegur um Starmýrardal.

²² Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er sett inn afþreyingar- og ferðamannasvæði. Hverfisvernd er felld út.